


Umhverfi Reykjanesvirkjunar Fornleifaskráning

Agnès Stefánsdóttir



Rammaáætlun



Fornleifavernd
ríkisins



2008:3

Efnisyfirlit

1	<i>Inngangur</i>	2
2	<i>Reykjanes</i>	3
2.1	Reykjanesviti á Valahnúk.....	5
2.2	Reykjanesviti á Vatnsfelli	8
2.3	Býli vitavarðar	9
2.4	Sundlaug í Valborgargjá	12
2.5	Leiðir	13
2.6	Gunnhver	14
2.7	Minjar á háhitasvæði.....	16
3	<i>Niðurstöður</i>	19
4	<i>Heimildaskrá</i>	20
5	<i>Viðauki 1</i>	21

Myndaskrá

Mynd 1.	Rannsóknarsvæði á Reykjanesi afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ, byggt á upplýsingum frá ÍSOR.....	3
Mynd 2.	Dreifing skráðra fornleifa á rannsóknarsvæðinu á Reykjanesi. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	4
Mynd 3.	Reykjanesviti á Valahnúk. Tóftir afmarkaðar með gulum lit, stigur og slóði með grábláum lit. Uppmælingar AS/SUP 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	5
Mynd 4.	Leið milli vitavarðarbústaðar og vita á Valahnúk. Tekin í NA. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.....	6
Mynd 5.	Tóft nr. 121 og 123 (viti?) á Valahnúk. Tekin í V. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.....	7
Mynd 6.	Reykjanesviti, tekið í NA. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.....	8
Mynd 7.	Býli vitavarðar á Reykjanesi og umhverfi. Uppmælingar AS/SUP 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	9
Mynd 8.	Vitavarðarbústaður undir Vatnsfelli, Bæjarfell á móti og túngarður í Valborgargjá. Mynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.....	10
Mynd 9.	Útihústóft (nr.130) sunnan Bæjarfells, túngarður sitthvorum megin. Tekin í N. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.....	11
Mynd 10.	Sundlaug í Valborgargjá. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.	12
Mynd 11.	Varða nr. 376. Tekið í A. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.	13
Mynd 12.	Gunnhver. Tekin í NA. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.	14
Mynd 13.	Minjar við háhitasvæði. Uppmælingar AS 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	16
Mynd 14.	Tóft nr. 368. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.	17
Mynd 15.	Steinsteypt mannvirki á hverasvæði. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008...18	

1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um fyrsta hluta rammaáætlunar og lauk hún störfum árið 2003. Í fyrsta hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn leggur áherslu á mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og flokka í lokin og leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, og meta áhrif þeirra á náttúrufar og náttúru- og menningarminjar. Meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa þrjú faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópunum er ætlað er að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar.

Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir 1. júlí 2009. Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal faghópur eitt sem var m.a. ætlað að meta áhrif virkjunakosta á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í faghópnum.

Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á því. Faghópurinn studdist við svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum en ekki skráningu fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í fyrsta áfanga byggði því ekki á vettvangsrannsóknum og veikti það niðurstöður mats á gildi minjanna.

Þegar vinna við annan áfanga hófst var því ákveðið að framkvæma fornleifaskráningu á þeim svæðum sem fjallað verður um. Bæði er um að ræða rannsóknir á heimildum um svæðin og eins hefur verið farið á öll svæðin og fornleifar skráðar á vettvangi.

Upphaflega var áætlunin að ráða fornleifafræðinga til að taka verkið að sér en þar sem skortur var á fornleifafræðingum vann starfsólk Fornleifaverndar ríkisins verkið undir stjórn Sólborgar Unu Pálsdóttur. Þá var nemi á síðasta ári BA-náms í fornleifafræði ráðinn sem aðstoðamaður við heimildavinnu og skráningu. Svæðin sem um er að ræða eru 19 og hófst vinnan í maí 2008 og lauk í nóv. 2008.

Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í öðrum áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um háhitasvæði á Reykjanesi, en þar hefur þegar verið reist virkjun sem áhugi er fyrir að stækka.

Um vettvangsvinnu sáu Agnes Stefánsdóttir, Kristinn Magnússon og Sólborg Una Pálsdóttir, starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, sumarið 2008. Á vettvangi voru minjarnar uppmældar með Trimble ProX GPS-tæki og ljósmyndaðar. Þá var ástand minjanna kannað og varðveislugildi þeirra metið. Við þá vinnu var stuðst við skráningarstaðla Fornleifaverndar ríkisins. Allar upplýsingarnar voru færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn Fornleifaverndar ríkisins og sá Sólborg Una Pálsdóttir um þann hluta verksins. Skýrslugerð var í höndum Agnesar Stefánsdóttur.

2 Reykjanes



Mynd 1. Rannsóknarsvæði á Reykjanesi afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ, byggt á upplýsingum frá ÍSOR.

Rannsóknarsvæðið á Reykjanesi nær yfir hluta jarðanna Staðar í Grindavík og Kalmanstjarnar í fyrrum Hafnahreppi, nú Reykjanesbæ. Svæðið skiptist nokkurn veginn jafnt milli jarðanna en landamerki voru í beina línu frá austanverðum Valahnúk, eftir Oddbjarnarkeldu, (einnig nefnd Valborgargjá), í miðja Haugsvörðugjá og eftir henni austanverðri. Svæðið nær yfir því sem næst allt Reykjanesið, en svo kallast hæll Reykjanesskagans.¹ Langflestar minjarnar á svæðinu tengjast vitum og vitavarðarúsetu. Á Reykjanesi var byggður fyrsti ljósviti landsins. Sá viti var rifinn nokkrum árum síðar og núverandi viti byggður. Hann hefur nú verið friðaður á grundvelli laga um húsafriðun. Einnig eru á svæðinu minjar vegna jarðhitanytingar en

¹ Örnefnaskrá Staðar í Grindavík. Kristján Eiríksson skráði, 2, 10.

þær eru flestar eða allar yngri en 100 ára og teljast því ekki til fornleifa skv, þjóðminjalögum.



Mynd 2. Dreifing skráðra fornleifa á rannsóknarsvæðinu á Reykjarnesi. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

2.1 Reykjanesviti á Valahnúk



Mynd 3. Reykjanesviti á Valahnúk. Tóftir afmarkaðar með gulum lit, stigur og slóði með grábláum lit. Uppmælingar AS/SUP 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Vitinn á Valahnúk á Reykjanesi var fyrsti ljósviti á Íslandi reistur 1878. Vitinn var áttstrendur, 4,5 m í þvermál og 6,2 m á hæð. Hann var hlaðinn úr tilhöggnum íslenskum grásteini. Ljóskerið ofan á var áttstrent eins og vitinn með koparhvelvingu yfir. Vitinn var tveggja hæða neðan ljóskersins og voru þar vistarverur fyrir

vitagæslumennina, sem voru tveir í vitanum, á hverri nóttu meðan logaði á honum, frá 1. ágúst til 15.mai.²



Mynd 4. Leið milli vitavarðarbústaðar og vita á Valahnúk. Tekin í NA. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.

Árið 1905 höfðu jarðskjálftar og brim brotið svo mikið af Valahnúk að hætta var talin á að vitinn myndi hrynja í sjóinn. Því var ákveðið að byggja nýjan vita á Vatnsfelli (sjá kafla 1.2) en gamli vitinn var felldur með sprengingu 16. apríl 1908.³

Um leið og vitinn var reistur var lagður vegur frá vitavarðarbústaðnum á Vatnsfelli að Valahnúk og upp að vitanum. Lýsing á hvernig leggja átti veginn fylgdi breytingartillögum að frumvarpi að fjárlögum fyrir árin 1878 og 1879. Þar segir:

Veginn skal leggja beina stefnu frá bænum til turnsins, en þegar komið er að klettum, verður að leggja veginn í krákustíg upp að turndyrunum.

Fyrsta hluta vegarins (frá bænum upp undir klettinn) skal hagað þannig; markað skal fyrir stefnu hans og breidd, grundvöllurinn ruddur og hlaðinn garður með fram veginum til beggja hliða af lausu grjóti, sem þar má fá nóg af. Vegurinn 6 fet á breidd, grjótgarðurinn 4 feta hár.⁴

² *Sunnanfari*. 9. tölublað 1902, 68-69.

³ Guðmundur Ó. Bernóðsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*., 206-207.

⁴ Steingrímur Jónsson: „Frá Reykjanesi til Reykjavíkur. Fyrstu vitarnir við Faxaflóa”, 75.

Lýsing

Á Valahnúk voru þrjár tóftir skráðar auk tveggja leiða eða slóða sem liggja upp að tóftunum. Önnur leiðin er greinilega gönguleið en hin er breiðari og hefur verið ætluð vögnum eða bílum. Hvorug leiðanna líkist krákustíg þeim sem lýst er í kaflanum hér að ofan. Hugsanlega hefur vegur legið í krákustíg upp hnúkinn í upphafi en sá vegur er þá horfinn í dag. Stærsta tóftin á Valahnúk er 16 m löng og 9 m breið með dyr á vesturgafli. Við austurgafli hennar er nokkurn veginn ferköntuð (6x6 m) tóft úr tilhöggnu grjóti. Annaðhvort er hér um leifar gamla vitans að ræða eða grjót úr honum hefur verið nýtt í þessa byggingu. Sunnan við tóftirnar tvær er lítil hringlaga tóft, grjót ekki sýnilegt í hleðslum. Þessi tóft er í réttri stærð miðað við lýsingu á vitanum eða 4,5 m í þvermál. Hún er einnig mun nær klettabrúninni en hinar tvær. Engar þeirra eru þó það nálægt að farið sé að brotna af þeim.



Mynd 5. Tóft nr. 121 og 123 (viti?) á Valahnúk. Tekin í V. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Leifarnar af gamla vitanum eru enn í hrúgu við rætur Valahnúks. Upp að og undir hrúgunni liggur leiðin frá vitavarðarbústaðnum undir Vatnsfelli að Valahnúk. Sú leið er líklega sú sama og lýst var í greinargerð með frumvarpi að fjárlögum 1878 og 1879 (Mynd 4). Vegurinn hefur verið ruddur gegnum hraunið og grjótið notað til að mynda garða sitt hvorum megin.

Austan við þennan veg er annar upphlaðinn vegur. Hann liggur þráðbeinn gegnum hraunið milli Vatnsfells og Valahnúks. Þessi vegur er afar vel varðveittur og hefur líklega verið gerður til að auðvelda enn frekar för vitavarðar milli bústaðar og vita. Augljóslega hefur verið reynt að hlaða veginn allan í sömu hæð. Þetta hefur eflaust verið gert til að greiða för vitavarðar til dæmis í miklum snjó og auðvelda alla vagnaflutninga.

Verndunarforsendur

Hér er um að ræða leifar elsta ljósvita sem reistur var á Íslandi. Þó lítið sé enn sýnilegt af vitanum sjálfum er staðurinn mikilvægur í sögu vita á Íslandi. Tengslin við hið vel varðveitta búsetulandslag við vitavarðarbústaðinn gerir svæðið enn áhugaverðara sem minjasvæði.

2.2 Reykjanesviti á Vatnsfelli⁵



Mynd 6. Reykjanesviti, tekið í NA. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.

Heimildir

Eftir að ákveðið var að færa vitann af Valahnúk hófst bygging nýs vita á Vatnsfelli ofan vitavarðarbústaðsins. Nýi vitinn var tekinn í notkun í mars 1908.⁶ Reykjanesviti, bæði ytra og innra borð, ljóshús og viðbyggingar, var friðað af menntamálaráðherra 1. desember 2003. Friðunin nær einnig til umhverfi vitans í 100 metra radíus út frá vitanum og göngustíg með þrepum frá vitavarðarhúsi upp Vatnsfellið að vitanum.⁷

Lýsing

Reykjanesviti stendur efst á Vatnsfelli (Mynd 6). Frá vitavarðarbústaðnum er brattur göngustígur með steintröppum beint upp hlíðina að vitanum og gamall akvegur

⁵ Einhver ruglingur virðist vera á heiti fellsins og er það stundum nefnt Vatnsfell og stundum (sérstaklega í yngri heimildum) Bæjarfell. Samkvæmt ornefnaskrá Hafna frá 1978 er vitinn á Vatnsfelli en Bæjarfell sunnan við.

⁶ Guðmundur Ó. Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, 208.

⁷ Friðunarskjal í vörslu Húsafriðunarnefndar ríkisins, undirritað af staðgengli menntamálaráðherra Geir H. Haarde í Gróttu 1. desember 2003.

liggur í hlykkjum upp suðvesturhlið fellsins. Yngri vegslóði liggur nokkuð beint upp við hlið hlykkjótta vegarins. Vitinn er afar heill og vel viðhaldinn.

Verndunarforsendur

Vitinn, ásamt 100 metra svæði umhverfis hann, er friðaður samkvæmt lögum um húsafriðun sem mikilvægur hluti menningararfs þjóðarinnar.

2.3 Býli vitavarðar



Mynd 7. Býli vitavarðar á Reykjanesi og umhverfi. Uppmælingar AS/SUP 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Árið 1878 var byggður torfbær og útihús fyrir vitavörð Reykjanesvita undir felli því sem kallast Vatnsfell.⁸ Árið 1892 var þar síðan byggt íbúðarhús úr timbri. Þau hús eru nú horfin en á sama stað var árið 1947 byggt íbúðarhús úr steinsteypu og stendur það enn. Við hlið íbúðarhússins stendur steinsteypt hús fyrir radióvita, byggt 1936. Fastri búsetu vitavarðar á staðnum lauk árið 1999.⁹

Í lýsingu á fyrirkomulagi vitagerðarinnar sem fylgdi viðaukum við fjárlög árána 1878 og 1879 segir um fyrirhugðan vitavarðarbústað:

Íbúðarhúsin eru íslenzkur bær, stofuhús, útihús og peningshús.

Brunnur skal grafinn austanundir bæjarveggnum og hlaðinn upp af Betonsteinum, samsettum af 1 hluta steinlíms, 2 hlutum sands og 4 hlutum hraunsteinsflisa.

Setja skal bæinn þar, sem vottar fyrir hinum fornu bæjarrústum.¹⁰

Brynjúlfur Jónsson nefnir, í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags, að seint á 18. öld hafi Grindvíkingur einn sem Jón hét byggt sér bæ í Vatnsfelli. Líklega eru það hinar fornu bæjarrústir sem nefndar eru í lýsingunni að ofan. Jón þessi bjó þarna einungis í tvö ár.¹¹



Mynd 5. Vitavarðarbústaður undir Vatnsfelli, Bæjarfell á móti og túngarður í Valborgargjá. Mynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.

⁸ Örnefnaskrá Kalmanstjarnar. Ari Gíslason skráði.

⁹ Guðmundur Ó. Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, 210.

¹⁰ Steingrímur Jónsson: „Frá Reykjanesi til Reykjavíkur. Fyrstu vitarnir við Faxaflóa”, 75.

¹¹ Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902”, 44.

Lýsing

Nú sést á þessum stað einungis steinsteypta íbúðarhúsið frá 1947 og húsið fyrir radióvitann. Hinar fornu bæjarrústir sem nefndar eru í lýsingunni að ofan fundust ekki og er kannski eðlilegt þar sem vitavarðarhúsið átti að byggja á sama stað. Þó er möguleiki að ógreinilegar minjar við suðvesturenda Vatnsfells séu leifar eldri bæjar. Þar eru dældir og garðar (númer 113, 114, 693 og 694 á mynd 7) sem mögulega eru byggingar og kálgarðar. Sunnan við þær og hinum megin við veginn að Valahnúk er garðlag sem lítur út fyrir að vera einhvers konar aðhald (númer 567).

Túngarðar liggja umhverfis bæjarstæðið. Aðalgarðurinn liggur kringum Vatnsfellið, Bæjarfellið og niður á sléttlendið í Valborgargjá ofan við Valahnúkamöl. Þar liggur garðurinn að hluta til yfir tjörn sem þar er. Hann er vel greinilegur þó hrunið hafi úr honum á köflum. Garðurinn er hlaðinn úr grágryti og minni garðbútar liggja út frá honum. Innan túngarðs sunnan við Bæjarfell er útihústóft (nr. 130), torf- og grjóthlaðin.



Mynd 6. Útihústóft (nr.130) sunnan Bæjarfells, túngarður sitthvorum megin. Tekin í N. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Við NA enda Vatnsfells, utan túngarðs er tóft (nr. 116) í allstórri kvos í hrauninu. Í kvosinni er lítil tjörn. Tóftin virðist ekki gömul og er bárujárnsþakið enn í henni þó það sé að mestu hrunið. Tóftin tengist eflaust veru vitavarðar á staðnum.

Verndunarforsendur

Vitavarðarhúsið er nú í einkaeign. Húsið sem slíkt og nánasta umhverfi er ef til vill ekki með hátt varðveislugildi, en sem hluti af sögu vitanna á svæðinu er varðveislugildið mikið. Minjar eftir búsetu vitavarðar eru vel varðveittar og nokkuð heilar. Nauðsynlegt

er að líta á báða vitana og íbúðarhús og land vitavarðar sem eina heild og ber að varðveita svæðið allt með túngörðum og útihúsum.

2.4 Sundlaug í Valborgargjá

Heimildir

Valborgarkelda liggur í Valborgargjá ofan Valahnúkamalar. Í henni er volgur sjór vegna jarðhita undir og gætir þar flóðs og fjöru.¹² Ólafur P. Sveinsson fyrrverandi vitavörður hóf gerð sundlaugar¹³ í Valbjargagjá ofan við Mölina við Valahnúk um 1930. Í henni var ylvolt vatn og hlaðinn steinveggur og tröppur niður í vatnið. Í lauginni var börnum í Grindavík kennt að synda.¹⁴ Var þá farið út á Reykjanes þegar voraði og legið í tjöldum í 12 – 15 daga.¹⁵ Árið 1937 er lauginni og umbúnaði þar lýst svo:

Þakið mikið til fallið af henni yfir innganginum. Einn staur þar undir þakinu svo tæpur að dottið getur niður [af] tæpum steinstalli á hverri stundu. Framþil dyranna farið og klefinn slæmur. Dyraumbúnaður að heita má ónýtur, og tjaldað fyrir inngang í laugina með pokatuskum ...¹⁶



Mynd 7. Sundlaug í Valborgargjá. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

¹² Örnefnaskrá Staðar í Grindavík. Kristján Eiríksson skráði, 9.

¹³ Bjarni Sæmundsson: „Suðurkjálkinn“, 40.

¹⁴ Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur I*, 16-17.

¹⁵ Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur. 1800 – 1974*, 254.

¹⁶ Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur. 1800 – 1974*, 255.

Lýsing

Sundlaugin (nr. 108 sjá mynd 2 og mynd 7) er ágætlega heilleg. Hún er innan túngarðs sem liggur kringum Bæjarfell og vitavarðarbústað og niður í átt að tjörn ofan við malarfjöruna austan við Valahnúk. Laugin er við SV horn túngarðsins.

Um er að ræða náttúrulega gjá og hefur verið hlaðinn steinveggur úr grágrýti við annan endann, svo hún er nokkurn veginn ferköntuð, og liggja steintröppur niður í hana á annarri langhliðinni. Steinveggurinn er hruninn að hluta. Ekki sáust merki yfirbyggingar eða annars umbúnaðar sem lýst er að ofan.

Verndunarforsendur

Sundlaugin fellur ekki undir þjóðminjalög þar sem hún er yngri en 100 ára, en að mati skrásetjara er nauðsynlegt að varðveita hana sem hluta af minjaheildinni á svæðinu. Hér er um að ræða elstu sundlaug í Grindavík og eina af elstu sundlaugum landsins.

2.5 Leið



Mynd 11. Varða nr. 376. Tekið í A. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.

Lýsing

Vörður og vörðubrot eru þó nokkur á skráningarsvæðinu. Þær eru eflaust flestar hluti af gömlu leiðinni milli Reykjanesvita og Hafnar. Framkvæmdir við Reykjanesvirkjun hafa þó að öllum líkindum raskað þó nokkrum vörðunum á leiðinni og er hún því nokkuð brotakennd í dag. Vörðurnar, sem enn eru til staðar, voru skráðar og tekinn gps punktur á þeim. Upplýsingar má finna í lista yfir fornleifar aftar í skýrslunni. Vörður númer 376, 377 og 379-381 eru nokkuð örugglega hluti af gömlu leiðinni milli Hafna og Reykjanesvita (sjá mynd 2).

Verndunarforsendur

Vörður á svæðinu hafa þurft að vikja vegna framkvæmda við virkjun. Þær vörður sem eftir eru hafa þess vegna verið slitnar úr samhengi við upprunalegan tilgang sinn. Sjálfsagt er að varðveita þær vörður sem eftir eru en sem minjaheild hafa þær ekki mikið gildi.

2.6 Gunnuhver



Mynd 8. Gunnuhver (nr. 848). Tekin í NA. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.

Heimildir

Gunnuhver er þekktasti hverinn á háhitasvæðinu á Reykjanesi. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá því hvernig hverinn fékk nafn sitt:

Vilhjálmur Jónsson lögréttumaður bjó á Kirkjubóli á Rosmhvalanesi; hann dó 1706. Hann átti illt útistandandi við kerlingu eina sem hét Guðrún Öfundardóttir, út af potti sem hann átti að hafa tekið af henni, líklega upp í skuld. Kerling tók sér það svo nærri að hún heitaðist við Vilhjálmm.

Þegar hún var grafin var Vilhjálmur þar við, en leið hans lá um Skagann sem kallaður er fyrir utan Útskála. Hann fór heimleiðis um kvöldið, en fannst daginn eftir dauður á Skaganum og var þá allur blár og beinbrotinn. Lík hans var flutt í bænhúsið á Kirkjubóli og Gísli prestur á Útskálum fenginn til að vaka yfir því á næturnar, því allir þóktust vita að Gunna hefði drepið hann og væri nú afturgengin. Þóktist prestur eiga fullt í fangi að verja líkið fyrir kerlingu að ei drægi hún það úr höndum sér. Afturgangan magnaðist síðan mjög og nú dó ekkja Vilhjálms snögglega; var Gunnu það kennt. Fólk sem fór um Skagann villtist sumt, en sumt varð vitstola. Var það allt af völdum Guðrúnar og sáu

menn nú óvætt þenna fullum sjónum. Gjörði þá Gunna skaða mikinn svo ekki var viðvært mönnum né málleysingjum.

Þegar í slíkt óefni var komið og enginn gat stemmt stigu fyrir afturgöngunni, þá voru tveir menn nokkuð kunnandi sendir til fundar við séra Eirík í Vogsósum til að biðja hann hjálpar. En með því prestur var ekki alténd vanur að taka slíkum málum greiðlega, þá voru þeir látnir færa honum nokkuð af brennivíni, því allir vissu að honum þókti það gott.

Sendimenn fóru nú á fund Eiríks prests og gjörðu allt eins og fyrir þá var lagt. Tók hann þeim vel, en þegar þeir fóru á stað aftur fékk hann þeim hnoða og sagði að þeir skyldu láta Gunnu taka í lausa endann á hnoðanu. Sagði hann að hnoðað mundi þá sjálft velta þangað sem hún mætti vera að ósekju. Sneru sendimenn heim við þetta og gjörðu allt sem prestur hafði fyrir þá lagt. En undireins og Gunna hafði tekið í lausa endann á hnoðanu valt það á stað, en hún fór á eftir. Sást það seinast til að hvort tveggja, hnoðað og Gunna, steiptist ofan í hver þann suður á Reykjanesi sem síðan er kallaður Gunnuhver. Hefir síðan ekki orðið meint við afturgöngu Gunnu.

Sumir segja að hnoðað færi ofan í hverinn, en Gunna héldi í endann; var endinn svo langur að Gunna gat staðið hálfbogin uppi á hverbarminum og tritlar hún þannig einatt til og frá kringum hverinn á blábrúninni hálfbogin, því hún vill fyrir hvern mun sízt fara ofan í vilpu þessa.¹⁷

Lýsing

Ekki var hægt að fara alveg að hverasvæðinu við vettvangsskráningu vegna aukinnar virkni þar eftir jarðskjálftana 2008.

Verndunarforsendur

Hverasvæðið og Gunnuhver er á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar og er þar mælt með því að svæðið verði friðlýst. Sem menningarminjar er hverinn friðaður vegna tengingar við þjóðsöguna um drauginn Gunnu. Engin mannaverk eru þó á hvernum sjálfum.

¹⁷ Jón Árnason: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* III, 508-509. Fleiri útgáfur eru til af sögunni um drauginn Gunnu en þessi virðist algengust.

2.7 Minjar á háhitasvæði



Mynd 9. Minjar við háhitasvæði. Uppmælingar AS 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Lýsing

Sunnan við hið svokallaða Gráa lón og milli þess og vegarins að Gunnuhver er svæði með fjölda garða sem virðast frá mismunandi tímum en þó líklega enginn mikið eldri en hálftrar aldar gamall. Bæði er um að ræða grjót- og torfhlaðna garða. Sumir virðast vera uppmokstur í þeim tilgangi að mynda skjól innan ákveðins svæðis eða

garðs. Líklega er hér um að ræða matjurtagarða og ekki mjög gamla. Sumir eru enn í notkun og voru t.a.m. kartöflugrös í garði númer 373 er skrásetjari gekk um svæðið. Mögulega eru þó einhverjir garðanna allt frá fyrstu árum vitavarða á Reykjanesi. Nokkrar tóftir eru líka á þessu svæði en ekki er hægt að segja til um aldur þeirra eða tilgang þar sem engar heimildir fundust um þær.

Tóftir 369 og 370 hafa verið sambyggðar. Önnur var úr torfi og grjóti, með uppistandandi veggjum á þremur hliðum. Óljóst er hvort um er að ræða hús eða einhvers konar aðhald eða skjól. Framan við þessa tóft hefur staðið timburkofi, nokkurn veginn ferkantaður. Minjarnar lita ekki út fyrir að vera mjög gamlar.



Mynd 14. Tóft nr. 368. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.

Tóft nr. 368 (sjá mynd 14) lítur út eins og lítill smalakofi eða byrgi. Ómögulegt er að geta sér til um aldur hennar.

Tóft nr. 372 er steiptur grunnur, líklega gömul borhola. Tóft 374 er líklega hlaðin undirstaða undir skilti. Upp úr henni stendur tréstólpi. Tóft nr. 375 er lítil tóft, nokkuð gróin en steinar í hleðslum greinilegir.

Inni á hverasvæðinu eru steinsteyptir stólpar eða einhvers konar undirstöður. Tilgangur þeirra er óþekktur og þeir voru ekki mældir upp að þessu sinni þar sem ekki var óhætt að ganga að þeim vegna mikillar hveravirkni. Líklega er um að ræða eitthvert mannvirki sem tengist nýtingu háhita (Mynd 15).



Mynd 10. Steinsteypt mannvirki á hverasvæði. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir, 2008.

Verndunarforsendur

Minjarnar á svæðinu eru að öllum líkindum allar yngri en 100 ára og falla því ekki undir friðunarákvæði þjóðminjalaga. Ekki er talin ástæða til að friða þær sérstaklega ,en ef fara á út í framkvæmdir á svæðinu er nauðsynlegt að skoða nánar einstakar tóftir sem mögulega gætu verið eldri.

3 Niðurstöður

	Úrval	Sjaldgæfni	Rannsóknar-og heimildagildi	Upplifun	Upprunaleiki	Menningarlandsli. Minjaheild	Táknrænt gildi	Aðgengi	Notkunargildi	Asigkomulag	Útkoma
Reykjanesviti á Valahnúk	+	+	0	+	+	+	0	+	+	+	8
Reykjanesviti á Bæjarfelli	+	+	+	+	+	+	0	+	+	+	9
Vitavarðarbústaður	0	0	0	+	+	+	0	+	+	+	6
Sundlaug í Valborgargjá	+	+	0	+	+	0	+	+	0	+	7
Leiðir	0	0	0	0	+	0	0	0	0	0	1
Gunnhver	0	0	0	+	+	0	0	+	0	+	4
Minjar við háhitasvæði	0	0	0	0	+	0	0	+	0	+	3

Rannsóknarsvæðið á Reykjanesi einkennist af afar hrjóstrugu landslagi, grófu hrauni og söndum þar sem varla vex stingandi strá. Undantekning frá þessu er á svæðinu umhverfis Reykjanesviti. Nær allar minjar sem skráðar voru við þessa rannsókn eru á því svæði. Vitaminjarnar og minjar eftir búsetu vitavarðar á Reykjanesi eru afar mikilvægur hluti sjóferðarsögu Íslendinga. Hér var fyrsti ljósviti landsins reistur, og vegna þess hve staðurinn er afskekktur eru minjarnar ágætlega varðveittar. Reykjanesviti og Valahnúkur eru vinsælir ferðamannastaðir og mætti því gjarnan gera bæði vita- og búsetuminjum á svæðinu hærra undir höfði og vekja athygli ferðamanna á þeim.

Sundlaugin í Valborgargjá er afar sérstök þó ekki teljist hún til fornleifa, og nauðsynlegt er að líta á hana sem hluta af minjaheildinni umhverfis vitana. Gunnhver er skemmtileg viðbót við minjarnar þó þjóðsagan um Gunnu tengist staðnum eða öðrum minjum ekki beint.

4 Heimildaskrá

Bjarni Sæmundsson: „Suðurkjálkinn“, *Árbók Ferðafélags Íslands 1936* (Rv., 1936), 22-53.

Brynjúlfur Jónsson: „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902“, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903* (Rv., 1903), 31-52.

Guðmundur Ó. Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878 – 2002*. Siglingastofnun Íslands, Kópavogi, 2002.

Jón Árnason: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* III. *Nýtt safn*. Þjóðsaga, Rv., 1958.

Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur I. Frá Landnámi til 1800*. Grindavíkurbær, Grindavík, 1994.

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur. 1800 – 1974*. Grindavíkurbær, Grindavík, 1996.

Steingrímur Jónsson: „Frá Reykjanesi til Reykjavíkur. Fyrstu vitarnir við Faxaflóa“, *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess I* (Rv., 1983), 66-93.

Sunnanfari. 9. tölublað 1902, 68-69.

Óútgefið efni

Friðunarskjal í vörslu Húsafriðunarnefndar ríkisins, undirritað af staðgengli menntamálaráðherra Geir H. Haarde í Gróttu 1. desember 2003.

Örnefnaskrá Hafna í Hafnahreppi. Vilhjálmur Hinrik Ívarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands 1978.

Örnefnaskrá Kalmanstjarnar. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Staðar í Grindavík. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands 1977.

5 Viðauki 1

Reykjanesviti á Valahnúk

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
109	27.5.2008	as	tóft	hús	SKEPNUHÚS	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	0	0	317289,91	372915,47
110	27.5.2008	as	tóft	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	0,1	0	317291,75	372923,88
111	27.5.2007	as	hleðsla	leið	VEGUR	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	0	0	317432,29	373019,24
112	27.5.2008	as	gata	leið		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	0	1	317381,21	373039,80
120	27.5.2008	sup	gata	leið	VEGARSLÓÐI	1800	1950	nei	greinanlegt	hætta	landbrots	0	0	0	317262,77	372847,71
121	27.5.2008	sup	tóft	óþekkt	VITI	1800	1950	nei	greinanlegt	hætta	landbrots	0,1	0,5	0	317220,41	372809,85
122	27.5.2008	sup	tóft	óþekkt	VITI	1800	1950	nei	greinanlegt	hætta	landbrots	0,1	0,2	0	317231,07	372805,77
123	27.5.2008	sup	tóft	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	hætta	landbrots	0	0,3	0	317220,10	372799,35

Reykjanesviti á Vatnsfelli

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
99	28.5.2008	km	garðlag	túngarður		1800	1900	nei	vel greinanlegt	engin hætta		0,3	1	0,5	317646,65	373069,69
101	28.5.2008	km	garðlag	túngarður	GARÐUR	1800	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,1	0,5	0	317648,38	372800,51
102	28.5.2008	km	garðlag	túngarður	GARÐUR	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,2	0,8	0	317629,69	372836,62
103	28.5.2008	km	garðlag	túngarður	GARÐUR	1800	1950	nei	illgreinanlegt	engin hætta		0,1	0,7	0	317631,19	372956,71
104	28.5.2008	km	garðlag	túngarður	GARÐUR	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,1	0,5	0	317602,16	372930,85
105	28.5.2008	km	garðlag	túngarður	GARÐUR	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,1	0,3	0	317646,34	372910,72
106	28.5.2008	km	þúst	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,1	0,6	0	317636,01	372898,00
107	28.5.2008	km	dæld	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	0	0	317614,95	372900,37
113	27.5.2008	as	tóft	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,2	0,6	0	317525,27	373161,33
114	27.5.2008	as	þúst	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	0	0	317536,46	373169,55
116	28.5.2008	as	tóft	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	1	0	317821,06	373486,57
125	27.5.2008	sup	garðlag	túngarður	GIRÐING	1850	1950	nei	vel greinanlegt	engin hætta		0	0,5	0	317430,51	372941,96
126	27.5.2008	sup	garðlag	túngarður		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,4	0	0	317522,10	373000,46
127	27.5.2008	sup	garðlag	matjurtagarður		1800	1980	nei	greinanlegt	engin hætta		0,2	0,7	0,4	317522,67	373029,94
129	27.5.2008	sup	niðurgröftur	áveita		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		-0,5	0	0	317570,47	372975,29
130	27.5.2008	sup	tóft	óþekkt		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,1	1	0	317547,43	372977,97
131	27.5.2008	sup	garðlag	túngarður	GARÐUR	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,2	0,5	0,5	317569,22	372910,37
567	27.5.2008	as	tóft	óþekkt	AÐHALD	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0,1	0,5	0	317528,84	373125,29
693	19.9.2008	sup	þúst	óþekkt		1300	1900	nei	illgreinanleg	engin hætta		0	0,4	0	317517,13	373165,32
694	19.9.2008	sup	þúst	óþekkt		1300	1900	nei	illgreinanleg	engin hætta		0	0,4	0	317516,88	373157,70
696	19.9.2008	sup	þúst	óþekkt		1300	1900	nei	illgreinanleg	engin hætta		0	0	0	317667,66	373040,07
697	19.9.2008	sup	hús	óþekkt	VITI	1908	2000	nei	heillegar	engin hætta		0	0	0	317628,64	373304,63
698	19.9.2008	sup	gata	leið		1908	2000	nei	heillegar	engin hætta		0	0	0	317637,64	373268,05
699	19.9.2008	sup	hleðsla	rétt	AÐHALD	1800	1950	nei	greinanlegar	engin hætta		0	0,6	0	317298,97	372858,69

Sundlaug

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
108	28.5.2008	km	hleðsla	laug	SUNDLAUG	1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		-1,5	0	0	317510,34	372828,79

Leið

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
117	28.5.2008	as	varða	kennimark		1800	1950	nei	greinanlegt	engin hætta		0	1	0	317017,83	373077,08
118	28.5.2008	as	varða	kennimark		1800	1950	nei	vel greinanlegt	engin hætta		0	1	0	316700,60	373294,37
376	18.6.2008	as	varða	kennimark		1850	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		0	1,5	0	317900,93	374110,16
377	18.6.2008	as	varða	kennimark		1800	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	1,2	0	317879,09	374295,52
379	28.5.2008	sup	varða	kennimark	LEIÐARVARÐA	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	1,2	1,2	317908,57	374845,15
380	28.5.2008	sup	varða	kennimark	LEIÐARVARÐA	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	1,2	0	317902,96	374973,90
381	28.5.2008	sup	varða	kennimark	LEIÐARVARÐA	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	1,5	1,2	317846,93	375181,94
382	28.5.2008	sup	varða	kennimark	LEIÐARVARÐA	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	1,2	1,2	317799,40	375296,40
383	28.5.2008	sup	varða	kennimark	LEIÐARVARÐA	1500	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	1,2	1,2	317704,86	375702,13

Gunnhver

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
848	1.11.2008	as	náttúruminjar	þjóðsaga		1700	1800	nei	greinanleg	engin hætta					318634,14	373679,57

Minjar á háhitasvæði

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_fra	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
364	16.6.2008	as	garðlag	matjurtagarður		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,4	0,2	318156,33	373734,14
365	16.6.2008	as	garðlag	óþekkt		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,5	0,4	318188,41	373722,49
366	16.6.2008	as	garðlag	matjurtagarður		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	0,4	0,2	318201,24	373741,86
367	16.6.2008	as	garðlag	óþekkt		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0,3	0,5	0	318201,24	373778,44
368	16.6.2008	as	tóft	óþekkt	KOFI	1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0,3	0,4	0	318163,05	373784,14
369	16.6.2008	as	tóft	óþekkt		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0,2	1,5	0	318185,79	373824,44
370	16.6.2008	as	tréverk	óþekkt		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	318182,53	373814,13
371	16.6.2008	as	garðlag	matjurtagarður		1800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,2	0,3	0	318385,58	373633,44
372	16.6.2008	as	steynsteypa	óþekkt	BORHOLA	1900	2000	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0,15	318367,19	373561,52
373	18.6.2008	as	garðlag	matjurtagarður		1900	2000	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,3	0,6	0	318304,32	373488,95
417	18.8.2008	sup	garðlag	óþekkt		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	318260,93	373722,38
418	18.8.2008	sup	garðlag	óþekkt		1800	1950	nei	greinanleg	engin hætta		0	0	0	318082,14	373882,01